

Undirritun viljayfirlýsingar í Þjóðmenningarhúsinu



Frá undirritun. Ráðherra ásamt Kristjáni Sturlusyni, Helgu G. Guðjónsdóttur, Hermanni Jóni Tómassyni og Stefáni B. Sigurðssyni

Miðvikudaginn 9. desember sl. undirritaði Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra í Þjóðmenningarhúsinu viljayfirlýsingu um samstarf mennta- og menningarmálaráðuneytis við [Háskólann á Akureyri](#), [Akureyrarbæ](#), [Rauða kross Íslands](#) og [Ungmennafélag Íslands](#) um að efla lýðræði og mannréttindi í skólum, félags- og æskulýðsstarfi.

Í viljayfirlýsingunni segir: „Um nokkurt skeið hefur verið unnið að aukinni mannréttinda- og lýðræðisvitund nemenda og starfsmanna á öllum skólastigum á Akureyri. Með skólastefnu sinni áréttar Akureyrarbær að innra starf hvers skóla taki mið

af þörfum sérhvers einstaklings og að komið sé í veg fyrir hvers konar mismunun enda sé það markmið skólans að leggja grunn að farsælli framtíð barna og unglinga. Þessu má finna stað í ýmsum verkefnum sem unnið er að í skólum bæjarins. Skóladeild Akureyrarbæjar í samstarfi við Háskólann á Akureyri vinna nú að því að koma upp móðurskólum í mannréttindafræðslu og lýðræði undir faglegri handleiðslu Háskólans á Akureyri.

Samhliða þeirri vinnu sem farið hefur fram á vettvangi skólans hafa ýmis félagsamtök og æskulýðsamtök verið að þróa frekar starf sitt og aðferðafræði hins óformlega náms í þá veru að gefa mannréttindafræðslu og lýðræði aukið rými. Rauði Kross Íslands og Ungmennafélag Íslands búa yfir víðtækri þekkingu og mikilli reynslu á þessu sviði og hafa hvorir um sig staðið fyrir fjölda verkefna og viðburða á þessum vettvangi.

Með undirskrift sinni lýsa eftirtaldir aðilar yfir vilja til að vinna að því að koma á samstarfsvettvangi um mannréttindafræðslu og lýðræði á Akureyri. Markmið með verkefninu er að styrkja þennan þátt menntunar í skólum, félags- og æskulýðsstarfi. Í framhaldi af undirritun viljayfirlýsingarinnar sammælast þessir aðilar um nánari útfærslu á verkefninu“.

Ásamt ráðherra undirrituðu viljayfirlýsingu þau Hermann Jón Tómasson, bæjarstjóri Akureyrarbæjar, Stefán B. Sigurðsson, rektor Háskólans á Akureyri, Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands og Helga G. Guðjónsdóttir, formaður Ungmennafélags Íslands.

Kompás - handbók um mannréttinda- og lýðræðisfræðslu

Miðvikudaginn 9. desember sl. var efnit til kynningar á nýrri og veglegri handbók, sem ber heitið Kompás, um mannréttinda- og lýðræðisfræðslu. Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun hafa látið þýða og gefa Kompás út á íslensku, en hún kom fyrst út hjá Evrópuráðinu árið 2002.

Hér er um að ræða handbók, ætluð þeim sem starfa í skólum eða með börnum og unglungum á vettvangi félags-, æskulýðs- og tólstundastarfs. Bókin nýtist bæði fagfólki, forystufólki í félagsstarfi og sjálfbóðaliðum.

Í handbókinni er að finna raunhæfar hugmyndir og hagnýt verkefni sem ætlað er að virkja og vekja jákvæða vitund ungs fólks um mannréttindi og lýðræði. Áhersla er á markmið sem snúa að þekkingu og skilningi, færni, viðhorfum og gildum.

Kompás hefur verið gefin út á 28 tungumálum og eru flestar útgáfunar aðgengilegar á vefnum, sem þýðir að þegar unnið er í fjölbjóðlegu samhengi á íslenskum vettvangi getur hver þátttakandi fengið verkefni á sínu tungumáli. Hér er því á ferðinni verkfæri sem nýtist öllum þeim sem vilja efla vitund um mannréttindi og lýðræði. Námsgagnastofnun annast dreifingu

á Kompás. Hægt er að nálgast efni bókarinnar á vefjum mennta- og [menningarmálaráðuneytis](#), og [Námsgagnastofnunar](#).

Á kynningunni gafst gestum jafnframt tækifæri til að kynna starfsemi nokkurra ungmennaráða. Þau voru: Ungmennaráðið Breytendur, ungliðastarf Hjálparstarfs kirkjunnar, Ungmennaráð UNICEF, Ungmennaráð Ungmennafélags Íslands og ungmennahreyfing Rauða Kross Íslands URKÍ.

Heimsókn ráðherra í Norðlingaskóla

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra heimsótti Norðlingaskóla í Reykjavík 9. des. sl. ásamt fylgdarliði úr ráðuneytinu og fékk höfðinglegar móttökur, en skólinn hlaut sl. vor Íslensku menntaverðlaun forseta Íslands. Ráðherra kynnti sér fjölbætta starfsemi skólans, m.a. fjölbreytt útikennslusvæði í Björnslundi sem er mikið notað. Í skólanum er m.a. lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, sveigjanlega kennsluhætti, val og samvinnu nemenda og aldursblöndun árganga.

Samkvæmt áherslum og sýn skólans grundvallast starf hans á því lífsviðhorfi að hverjum einstaklingi skuli búin námsskilyrði svo hann megi á eigin forsendum þroskast og dafna og útskrifast úr grunnskóla sem sjálfstæður,

sterkur og ekki síst lífsglaður einstaklingur. Einnig er markmið skólans að hann sé fyrir alla nemendur skólahverfisins, án aðgreiningar þar sem engum er ofaukið og allir velkomnir. Mikil áhersla er lögð á samvinnu við foreldra og tengsl við nærsamfélagið.

Skólinn hefur fengið fjölda viðurkenninga á undanförmum árum, m.a. hvatningarverðlaun menntaráðs Reykjavíkur, Íslensku menntaverðlaunin 2009 og Múrbrjót Proskahjálpar 2009. Í lok heimsóknar gafst kostur á að ræða um helstu áherslur í starfsemi skólans. Nánari upplýsingar um starfsemi hans eru á [vef skólans](#).

Arts and Cultural Education at School in Europe

Nýlega kom út á vegum Eurydice, upplýsinganeti um menntamál í Evrópu, ritið Arts and Cultural Education at School in Europe. Í ritinu eru birtar ýmsar upplýsingar um kennslu í listgreinum í 31 landi í Evrópu. Fjallað er m.a. um markmið kennslunnar og vægi þeirra, menntun listgreinakennara, námsmat og notkun upplýsingatækni við kennsluna. Ritið er aðgengilegt á [vef Eurydice](#).

